

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 7. fundur haldinn mánudaginn 10. mars 2003 kl. 11:00 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, og Kristín Huld Sigurðardóttir sem sat fundinn í fjarveru Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar og ritaði fundargerð.

**Gestur:** Steinunn Arnþrúður (Adda Steina) Björnsdóttir guðfræðingur, verkefnastjóri stefnumörkunarverkefnis þjóðkirkjunnar.

### 1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna.

### 2. Stefnumörkunarvinna

Formaður bauð Öddu Steinu Björnsdóttur velkomna á fundinn. Verkefnastjórinn lét fulltrúa Kirkjugarðaráðs gera SVÓT-greiningu á starfsemi kirkjunnar og mun niðurstaðan verða nýtt í vinnu við stefnumörkunarverkefni þjóðkirkjunnar.

### 3. Reglugerð um öskudreifingu

Reglugerðin var yfirfarin. Gerðar voru nokkrar orðalagsbreytingar og eru þær eftirfarandi:

- a) Í heiti reglugerðar verði bætt inn: „utan kirkjugarðs“ þannig að heitið verði: „Reglugerð um dreifingu ösku utan kirkjugarðs“.
- b) Í 2. gr., lið 2., verði felld út orðin: „sem á að dreifa“ þannig að liðurinn verði: „2. Fullt nafn, kennitala og dánardagur hins látna“.
- c) 4. gr., 2. mg. Að málsgreinin verði eftirfarandi: „Óheimilt er að dreifa ösku látinna manna yfir byggð, væntanlegri byggð eða stöðuvötnum“.
- d) 7. gr., verði eftirfarandi: „Að öskudreifingu lokinni skal skila duftkeri tafarlaust til bálstofunnar í Reykjavík“.
- e) 8. gr., 1. mg. Að í stað orðanna: jarðneskum leifum einhvers komi orðið „ösku“ þannig að setningin verði: „Sé sótt um leyfi til að dreifa ösku einhvers sem nú þegar hvílir í kirkjugarði“.
- f) 9. gr. Að bætt verði inn að tveir vitundarvottar eigi að skrifa undir eyðublað um að dreifing ösku hafi átt sér stað.
- g) 10. gr., lína 3. Þar komi inn orðið „Kirkjugarðasambands Íslands (gardur.is)“, þannig að setningin verði: „skal ráðuneytið upplýsa legstaðaskrá Kirkjugarðasambands Íslands (gardur.is.) um það hvar öskunni hafi verið dreift“.

Í reglugerðinni kemur fram að ekki megi setja upp minningarmark nálægt dreifingarstað. Nokkrar umræður voru um það hvort heimilt sé að setja upp minningarmörk á víðavangi, svo sem víða hefur verið gert. Ákveðið var að

framkvæmdastjóri sendi fyrirspurn til ráðuneytis um hvort lagaheimild sé fyrir slíku.

#### **4. Staða vegna skráningar heimagrafreita**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu þeirra Sigurgeirs Skúlasonar við þetta verkefni. Byrjað var í Múlaprófastdæmi og farið hringinn í kringum landið. Prófastar fara yfir skrána og því næst er hún send ábúendum til umsagnar. Skráin er unnin í Access og ætlunin að tengja hana Íslandskorti þar sem hægt er að sjá staðsetningu og dreifingu heimagrafreitanna. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins óskaði eftir að stofnunin fengi eintak af skránni. Framkvæmdastjóri semur bréf varðandi ábyrgð eigenda/ábúenda jarða vegna heimagrafreita, sem þeim verður sent.

#### **5. Túlkaþjónusta**

Framkvæmdastjóri fékk erindi varðandi það hvort túlkaþjónusta falli ekki undir prestþjónustu við útfarir. Það var túlkun ráðsins að aðstandendur eigi að sækja um styrk til menntamálaráðuneytisins úr fjárveitingu til túlkaþjónustu, þar sem Kirkjugarðaráð geti ekki tekið túlkaþjónustuna á sig. Ef ráðið greiddi túlkaþjónustu, þá myndi það greiða tvöfaldan kostnað. Eftirfarandi bókun var gerð:

***„Kirkjugarðaráð sér ekki möguleika á að fella túlkaþjónustu inn í greiðslu kirkjugarða vegna útfararkostnaðar“***

#### **6. Samkeppni um duftreit**

Árið 1999 sótti forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma um lóð í Leynimýri fyrir duftkirkjugarð. Búið er að semja við Arkitektafélag Íslands um samkeppnina og dómnefnd. Í henni sitja: Árni Kjartansson frá Arkitektafélagi Íslands, Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir landslagsarkitekt, Inga Jóna Þórðardóttir, Einar Sæmundsen og Þórsteinn Ragnarsson.

Framkvæmdastjóra hefur verið boðið að vera í vinnuteymi sem ætlar að taka þátt í keppninni. Hann ætlar að nota páskaleyfið til að vinna að tillögunni. Framkvæmdastjóri bað um álit Kirkjugarðaráðs á því hvort hann megi taka þátt í keppninni. Niðurstaðan varð sú að framkvæmdastjóra væri heimilt að nota frítíma sinn til þess sem hann kýs. Hann hafi upplýst Kirkjugarðaráð um áform sín og kannað hvort ráðið hafi athugasemdir. Ráðið gerir engar athugasemdir við áform framkvæmdastjórans.

#### **7. Staða gjaldalíkans, tekju-og gjaldakerfis kirkjugarða**

Fundur verður í kvöld þar sem tekin verður ákvörðun um hvort á að vinna áfram með það. Líkanið var kynnt á prófastafundi 4. mars. Bent var á að prófastar ættu að upplýsa sóknarnefndir á sínu svæði um verkefnið og fá tillögur. Verkefnið verður kynnt Kirkjugarðaráði áður en lögð verður lokahönd á það fyrir ráðuneytið.

Svo sem fram kemur í skýrslu um fjármál kirkjugarða (mars 2003) lagði ríkisstjórnin fram frumvarp í desember 2001 sem frysti lögbundna hækkun kirkjugarðsgjalds og hækkaði það ekki á milli árunna 2001 og 2002, en samkvæmt hækkun meðaltekjuskattstofns árunna 2000 og 2001 átti gjaldið að fara úr 232,12 kr. í 254,43 kr. árið 2002. Ríkissjóður tók þannig til sín 55,7 milljónir af tekjum kirkjugarða og samkvæmt upplýsingum frá kirkjumálaráðuneytinu (janúar 2003) er

ætlun ráðamanna nú að setja hækkun meðaltekjuskattstofns árána 2001 og 2002 ofan á kirkjugarðsgjaldið eins og það var 2001 (232,12 kr.) en ekki eins og það átti að vera 2002 (254,43 kr.) hefði verið farið eftir 39. greininni hér að ofan. Tekjuskerðingin var því kr. 55.7 milljónir vegna tekjuársins 2003 og verður síðan viðvarandi vegna lægri grunns.

## **8. Endurnýjun bifreiðar**

Í fyrra var bókfært að endurnýja ætti bifreið árið 2003. Ingvar Helgason býður Subaru Legacy-bifreið á tilboðsverði og yrði það þá fimmta bifreiðin sem fengin yrði þaðan. Umræður voru um hvort ætti að kaupa bifreiðina eða fá hana í rekstrarleigu. Framkvæmdastjóra falið að selja eldri bifreiðina og kanna hvort hagstæðara væri að fara í rekstrarleigu eða að kaupa bifreið.

## **9. Forstjórar Kirkjugarða Akureyrar og Reykjavíkurprófastsdæma gerðu grein fyrir fundum sínum með ýmsum sóknarnefndum**

Forstjórar Kirkjugarða Akureyrar og Reykjavíkurprófastsdæma gerðu grein fyrir fundum sínum með ýmsum sóknarnefndum og að þar hefði komið í ljós að flestir sóknarnefndarformenn vissu lítið um kirkjugarðsmál. Tóku aðrir fundarmenn undir að reynsla þeirra væri sú sama í samskiptum við sóknarnefndir. Var rætt um að Kirkjugarðaráð ætti að upplýsa sóknarnefndir um ýmsar skyldur þeirra, svo sem það að færa legstaðaskrá.

Urðu nokkrar umræður um þetta mál. Nefnt var að leikmannaskólinn væri með námskeið sem fjölluðu um störf í sóknarnefndum. Þeirri spurningu var varpað fram hvort það væri rétti vettvangurinn til að fara yfir þessi mál. Einnig kom fram sú tillaga að fjalla um þessi mál á prófaste- og héraðsnefndarfundum. Forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma taldi nauðsynlegt að hafa sérfundu um þessi mál. Var tillaga hans sú að Kirkjugarðaráð efndi til funda fyrir hvern landshluta fyrir sig. Forstöðumaður Fornleifaverndar nefndi að stofnunin gæti tekið þátt í slíkum fundu, ef áhugi væri fyrir hendi, og boðið fyrirlestra um viðhald kirkjugripa og minningamarka. Framkvæmdastjóri kom fram með þá tillögu að Kirkjugarðaráð og Kirkjugarðasambandið byðu fram fyrirlestra og færu með þá í héruð.

Niðurstaða umræðna varð sú að framkvæmdastjóri gerði tillögu að efni varðandi skyldur sóknarnefnda sem fjallað væri um í slíkum fyrirlestrum.

## **10. Fjármál Kirkjugarða Akureyrar**

Forstjóri Kirkjugarða Akureyrar tók upp málið varðandi fjárhagsstöðu kirkjugarðsins. Niðurstaða umræðna varð sú að Kirkjugarðaráð óskar eftir bréfi frá stjórn Kirkjugarða Akureyrar um stöðu fjármálanna. Óskað var eftir skýrslu um málið. Athugað verður hvort fleiri aðilar, svo sem héraðssjóður, bæjarsjóður og kirkjugarðasjóður gætu komið að málinu og skoðað þannig möguleikana í tengslum við úthlutun í vor. Jafnframt var nefnt hvort ríkisvaldið gæti komið að málinu.

Ákveðið að forstjórar Kirkjugarða Akureyrar og Reykjavíkurprófastsdæmis og Benedikt Ólafsson ræddu við héraðsnefnd Eyjafjarðar og bæjarstjórn Akureyrar um málið.

Ákveðið að hafa maífund Kirkjugarðaráðs á Akureyri og fá þá fulltrúa héraðsnefndar og bæjarstjóra á fundinn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:20.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari